

**Nd.**                      **126. Frumvarp til þjóðminjalaga.**                      [100. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 89. löggjafarþingi, 1968.)

**I. KAFLI**

**Þjóðminjasafn Íslands.**

**1. gr.**

Þjóðminjasafn Íslands er eign íslenskra ríkisins. Forseti skipar þjóðminjavörð, sem stjórnar safninu undir yfirumsjón menntamálaráðuneytisins.

**2. gr.**

Þjóðminjasafnið er miðstöð allrar þjóðminjavörzlu í landinu. Það skal varðveita íslenskar þjóðminjar í víðasta skilningi, hvort sem eru gripir geymdir í safninu sjálfu eða fornminjar og friðuð mannvirki, sem um er fjallað í sérstökum köflum laga þessara.

**3. gr.**

Safnið skal vera til sýnis almenningi á tilteknum tímum, svo og fornminjar og mannvirki friðuð á þess vegum, þegar þau hafa verið gerð sýningarhæf og aðrar ástæður leyfa.

4. gr.

Safnið má eigi taka við gjöfum, sem kvaðir fylgja, en þó getur menntamálaráðherra veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef sérstaklega stendur á.

5. gr.

Heimilt er að lána gripi úr safninu til sýningar, en þó eigi til útlanda nema með samþykki menntamálaráðherra.

6. gr.

Safnið skal eftir megni stuðla að rannsóknum íslenzkra þjóðminja og útgáfu fræðilegra rita og ritgerða um þær. Birta skal árlega starfsskýrslu safnsins.

7. gr.

Heimilt er að skipta safninu í deildir. Menntamálaráðherra skipar safnverði og aðra starfsmenn safnsins, að fengnum tillögum þjóðminjavarðar. Um tölu þeirra fer eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum.

## II. KAFLI Fornminjar.

### A.

#### *Fornleifar.*

8. gr.

Til fornleifa teljast hvers konar leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja, sem mannaverk eru á, svo sem rústir bæja og annarra húsa, meðal annars hofa og kirkna, þingbúðarústir og önnur mannvirki á fornum þingstöðum, forn garðlög, leifar af verbúðum, naustum og vörum, forn vígi og rústir af þeim, minjar um dvalarstaði útilegumanna, haugar og aðrir fornir greftrunarstaðir, hellar með áletrunum eða öðrum verksummerkjum af manna völdum, áletranir og myndir á klöppum eða jarðföstum steinum.

9. gr.

Fornleifar, sem þjóðminjavörður telur ástæðu til að friða, skulu skráðar á fornleifaskrá.

Tilkynna skal landeiganda og ábúanda skráninguna og tilgreina staðinn svo nákvæmlega sem unnt er.

Skráningu fornleifar á fornleifaskrá skal þinglýsa sem kvöð á landareign þá, sem í hlut á.

10. gr.

Allar fornleifar, sem á fornleifaskrá standa, eru friðhelgar.

Friðuðum fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja, nema leyfi þjóðminjavarðar komi til.

11. gr.

Skylt er landeiganda og ábúanda að gera þjóðminjaverði viðvart, ef friðuð fornleif liggur undir spjöllum af völdum náttúrunnar eða henni er spillt af manna völdum. Þjóðminjavörður ákveður þá, hvaða ráðstafanir skuli gera til verndar fornleifinni.

12. gr.

Nú telur landeigandi, ábúandi eða nokkur annar, þar á meðal sá, sem stjórnar opinberum framkvæmdum, svo sem vegagerð, að hann þurfi að gera jarðrask, er haggar við friðaðri fornleif, og skal hann þá skýra þjóðminjaverði frá því, áður en hafizt er handa um verkið. Lýst skal nákvæmlega breytingum þeim, er af franu-

kvæmd mundi leiða. Þjóðminjavörður ákveður, hvort eða hvenær framkvæmd megi hefja og með hvaða skilmálum.

13. gr.

Nú finnst fornleif, sem áður var ókunn, og skal finnandi þá skýra þjóðminjaverði frá fundinum, svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda, er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornleif finnst við framkvæmd verks, skal sá, er fyrir því stendur, stöðva framkvæmd, unz fenginn er úrskurður þjóðminjavarðar um, hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum.

14. gr.

Þjóðminjavörður hefur rétt til að framkvæma rannsókn á fornleifum með grefti eða á annan hátt og gera það, sem með þarf, til verndar fornleifum, viðhalds eða endurbóta, en gera skal landeiganda eða ábúanda viðvart um það áður.

15. gr.

Skylt er að viðhalda á kostnað ríkissjóðs fornleifum þeim, sem á fornleifaskrá standa. Fer um það eftir ákvörðun þjóðminjavarðar hverju sinni.

**B.**

*Forngripir.*

16. gr.

Þegar fornir gripir finnast, sem liggja eða legið hafa í jörðu og eru ekki, svo að vitað í sé, í einkaeign, skal finnandi tilkynna þjóðminjaverði fundinn, svo fljótt sem við verður komið. Finnandi skal ekki hagga við fundinum, nema nauðsynlegt sé að taka hann eða hluta hans þegar til umhirðu, með því að ella væri hætt á, að munir spilltust eða færu forgörðum.

Ákvæði 1. málsg. taka til allra muna, sem menn hafa notað eða mannaverk eru á, og einnig til leifa af líkómum manna eða dýra, sem finnast í fornum haugum, dysjum eða leiðum.

Allir munir, sem grein þessi fjallar um, eru eign ríkisins.

17. gr.

Greiða skal finnanda útgjöld, sem hann hefur haft vegna fundarins.

Nú finnst forngripur úr gulli eða silfri, þar á meðal ef um gullpeninga eða silfurpeninga er að ræða, og skal þá meta málmverð hlutarins og leggja ofan á 10 af hverju hundraði. Skal annar helmingur matsfjárhæðar greiddur finnanda, en hinn landeiganda.

Útgjöld samkvæmt grein þessari skulu greidd úr ríkissjóði.

18. gr.

Ekki má flytja úr landi neina muni eða gripi, sem eru eldri en 150 ára, nema menntamálaráðuneytið leyfi. Skiptir ekki máli, hvort gripur er í einkaeign eða opinberri eign.

**III. KAFLI**

**Kirkjugripir og minningarmörk.**

19. gr.

Þjóðminjavörður setur á skrá þá kirkjugripi, sem varðveittir eru í kirkjum landsins og hann telur skráningar verða vegna sögulegs eða listræns gildis þeirra.

Þjóðminjavörður setur einnig á skrá þá legsteina eða önnur minningarmörk í kirkjugörðum landsins, sem hann telur rétt að vernda af framangreindum ástæðum.

20. gr.

Munir, sem á skrá eru teknir samkvæmt 19. gr., eru friðhelgir. Óheimilt er að raska þeim eða spilla. Ekki má heldur farga þeim né flytja þá burtu, nema leyfi þjóðminjavarðar komi til.

Forráðamönnum kirkna ber að vernda skráða kirkjugripi. Kirkjugarðsstjórnir annast vernd skráðra minningarmarka, svo sem segir í 16. gr. laga um kirkjugarða nr. 21 23. apríl 1963.

21. gr.

Gera skal sérstaka skrá um friðlýsta kirkjugripi hvernar kirkju, og sama gildir um friðlýst minningarmörk í kirkjugörðum. Þjóðminjavörður lætur skrár þessar í té próföstum og sóknarnefndum, sem hlut eiga að máli.

#### IV. KAFLI

##### Friðun húsa og annarra mannvirkja.

22. gr.

Friða má hús eða húshluta, sem hafa menningarsögulegt eða listrænt gildi.

Með sama skilorði má einnig friða önnur mannvirki, og skal þá beita ákvæðum þessa kafla, eftir því sem við á.

23. gr.

Menntamálaráðherra tekur ákvarðanir um friðun eða brottfall friðunar, að fengnum tillögum húsafriðunarnefndar.

Í húsafriðunarnefnd eiga fimm menn sæti. Þjóðminjavörður er formaður nefndarinnar. Aðra nefndarmenn skipar menntamálaráðherra til 4 ára í senn. Skal einn þeirra skipaður samkvæmt tilnefningu Bandalags íslenskra listamanna og annar samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga, en hina tvo skipar ráðherra án tilnefningar, og skal annar þeirra vera lögfræðingur.

24. gr.

Friðuðum húsum eða húshlutum skal skipa í tvo flokka, A og B. Ef hús er friðuð í heild, telst það til A-flokks, en taki friðun aðeins til ytra borðs húss eða hluta af ytra eða innra borði, skal húsið talið til B-flokks.

25. gr.

Halda skal skrá um friðuð hús eða húshluta.

Ákvörðun um friðun skal tilkynna húseiganda, öðrum, sem eiga þinglesin réttindi yfir eigninni, svo og hlutaðeigandi lögreglustjóra, bæjar- eða sveitarstjórn og byggingarnefnd. Greina skal í tilkynningu, hvort eign er friðuð í A-flokki eða B-flokki, og því nánar lýst, til hvers friðun taki.

Þinglýsa skal friðun sem kvöð á fasteign þá, sem í hlut á. Þinglýsingardómari skal tilkynna húsafriðunarnefnd, ef þinglesin eru eigendaskipti að friðaðri húseign.

26. gr.

Friðun á húsi eða húshluta ber öllum að hlíta, þar á meðal hverjum þeim, sem réttindi eiga í eigninni, og án tillits til, hvenær réttur þeirra er til orðinn.

27. gr.

Óheimilt er án leyfis húsafriðunarnefndar að gera aðrar breytingar en þær, sem til venjulegs viðhalds teljast, á húsum í A-flokki og á ytra borði húsa eða húshlutum í B-flokki. Svo þarf og leyfi nefndarinnar til að setja skilti eða aðrar áletranir á friðlýst hús.

Nú vill eigandi friðaðrar eignar ráðast í framkvæmd, sem leyfi þarf til samkvæmt 1. málsg. og skal hann þá í umsókn sinni til húsafriðunarnefndar lýsa nákvæmlega hinum fyrirhuguðu framkvæmdum og láta uppdrátt fylgja. Nefndin

skal, svo fljótt sem við verður komið, gera eiganda grein fyrir afstöðu sinni, hvort heldur samþykki eða synjun. Nú setur nefndin það skilyrði fyrir samþykki sínu, að verk sé framkvæmt með tilteknum hætti, öðrum en þeim, sem í umsókn greinir, og er eiganda þá skylt að hlíta því, ef hann hverfur ekki frá framkvæmdum, enda skal hann þá fá greiddan aukakostnað, sem af breytingu nefndarinnar leiðir.

#### 28. gr.

Ef slíkar breytingar, sem um er getið í 1. málsg. 27. gr., hafa verið gerðar án leyfis húsafriðunarnefndar, getur hún lagt fyrir eiganda að færa húsið eða húshlutann í hið fyrra horf innan hæfilegs frests. Nú sinnir eigandi ekki fyrirmælum nefndarinnar, og getur hún þá, að fengnu samþykki menntamálaráðherra, látið framkvæma verkið á kostnað eiganda.

#### 29. gr.

Ef vanrækt er viðhald húss í A-flokki eða ytra borðs húss eða húshluta í B-flokki, getur húsafriðunarnefnd lagt fyrir eiganda eða afnotahafa að gera umbætur innan hæfilegs frests. Nú líður frestur, án þess að úr sé bætt, og getur þá húsafriðunarnefnd, að fengnu samþykki menntamálaráðherra, látið framkvæma verkið á kostnað eiganda eða afnotahafa.

#### 30. gr.

Nú verður friðlýst eign fyrir spjöllum af eldi eða öðrum ástæðum, og skal eigandi eða afnotahafi þá gera húsafriðunarnefnd viðvart um það þegar í stað. Lætur nefndin þá fara fram skoðunargerð og mat á spjöllum. Ef ráðizt verður í endurbyggingu, gilda ákvæði 27. gr.

#### 31. gr.

Nú samþykkir eigandi húss eða húshluta friðun, þar á meðal að hús verði hvorki rífið né flutt af stað sínum, og skal þá þinglýsa sérstaklega yfirlýsingu hans um það, enda bindur hún þá einnig síðari eigendur eða aðra réttihafa að eigninni.

Þegar svo stendur á, sem í 1. málsg. segir, getur húsafriðunarnefnd veitt eiganda styrk til viðhalds á eigninni, ef hún telur það sanngjarnt vegna friðunar-ákvæða.

#### 32. gr.

Nú vill eigandi friðaðs húss eða húshluta, sem ákvæði 31. gr. taka ekki til, rífa húsið eða flytja það af stað sínum, og skal hann þá sækja um leyfi til þess til húsafriðunarnefndar. Nefndin skal, svo fljótt sem við verður komið, senda menntamálaráðherra umsóknina með tillögum sínum. Ef ráðherra leyfir niðurrif eða brottflutning, skal, að framkvæmd lokinni, aflýsa friðunarkvöðinni.

Ef ráðherra samþykkir ekki umsóknina, getur hann, að fengnum tillögum húsafriðunarnefndar, gert ráðstafanir til þess að ríkið eignist hina friðuðu eign ásamt tilheyrandi lóð eða lóðarhluta, þar á meðal með eignarnámi, ef á þarf að halda.

Nú hefur ríkið eignast friðaða eign samkvæmt ákvæðum 2. málsg., og er því þá heimilt að selja hana aftur, eftir að þinglesin hefur verið sérstök friðunarkvöð í samræmi við 1. málsg. 31. gr. Um styrk til viðhalds gilda þá einnig ákvæði 2. málsg. 31. gr.

Óheimilt er eiganda friðlýstrar eignar að rífa hana eða flytja af stað sínum, nema hann hafi fengið leyfi samkvæmt 1. málsg. eða yfirlýsingu húsafriðunarnefndar um, að kaup eða önnur yfirtaka á eigninni af hálfu ríkisins muni ekki fram fara.

#### 33. gr.

Ef byggingarnefnd verður vör við, að friðuð eign hefur orðið fyrir spjöllum eða að henni sé ekki vel við haldið, skal hún gera húsafriðunarnefnd viðvart.

**34. gr.**

Húsafriðunarnefnd hefur rétt til að framkvæma, eiganda að kostnaðarlausu, hvers konar eftirlit með og skoðanir á friðlýstri eign, sem gera þarf vegna ákvæða þessa kafla.

**35. gr.**

Útgjöld vegna starfsemi húsafriðunarnefndar, þar á meðal þóknun til nefndarmanna eftir ákvörðun ráðherra, greiðist úr ríkissjóði.

**V. KAFLI**

**Byggðasöfn.**

**36. gr.**

Til byggðasafna teljast samkvæmt lögum þessum söfn, sem sveitarstjórnarfélög (bæjarfélög, sýslufélög, hreppar) hafa sett eða setja á stofn í þeim tilgangi, sem í 37. gr. segir, enda hafi menntamálaráðherra, að fengnum tillögum þjóðminjavarðar, viðurkennt safnið.

Ef tvö eða fleiri sveitarstjórnarumdæmi standa að sama byggðasafni, skulu þau gera um það samþykkt, þar sem meðal annars séu ákvæði um stað safnsins, eignarrétt aðila að því, þátttöku í kostnaði við það og ráðningu gæzlumanns.

**37. gr.**

Hlutverk byggðasafns er að safna þjóðlegum munum, varðveita þá og hafa til sýnis almenningi. Einkum ber að leggja stund á söfnun muna, sem hafa listrænt gildi eða notagildi í daglegu lífi þjóðarinnar, en eru að vika eða hverfa úr sögunni vegna breyttra þjóðháttanna. Sérstaklega ber hverju safni að leggja áherzlu á öflun muna, sem telja má sérkennilega fyrir hlutaðeigandi hérað eða landsfjórðung, en eru að verða fágætir.

**38. gr.**

Ef friðað hús í eign ríkis eða sveitarfélags er til á byggðasafnssvæði, er stjórn byggðasafns heimilt með samþykki þjóðminjavarðar að varðveita þar muni, sem til safnsins heyra, einkum þó þá muni, sem á sínum tíma tíðkaðist að nota í slíkum byggingum.

**39. gr.**

Nú vill stjórn byggðasafns afla sér húsnæðis fyrir safnið, hvort heldur með kaupum eða nýsmíði, og á aðili þá kost á að fá styrk til þess úr ríkissjóði, allt að einum þriðja hluta kostnaðar, eftir því sem fé kann að vera veitt til þess á fjárlögum, enda samþykki þjóðminjavörður húsnæðið og stofnkostnað.

Laun gæzlumanns byggðasafns, miðuð við starfsskyldu hans og starfstíma og samþykkt af þjóðminjaverði, greiðist að hálfu úr ríkissjóði.

**40. gr.**

Nú telur þjóðminjavörður, að byggðasafni sé hætta búin sökum vanhvirðu eða af öðrum orsökum, og ekki hefur fengizt úr þessu bætt þrátt fyrir endurteknar áskoranir, og getur þá menntamálaráðherra, að fengnum tillögum þjóðminjavarðar, svipt safnið ríkisstyrk.

**VI. KAFLI**

**Almenn ákvæði.**

**41. gr.**

Hver sá, er fyrir fétjóni verður vegna framkvæmdar á ákvæðum II. eða IV. kafla laga þessara, á rétt til skaðabóta úr ríkissjóði. Ef samkomulag næst ekki um bætur, skulu þær ákveðnar eftir reglum laga um eignarnám.

42. gr.

Ekki ber að greiða stimpilgjöld eða þinglýsingargjöld af skjölum, sem út eru gefin vegna framkvæmdar á lögum þessum.

43. gr.

Brot gegn ákvæðum 10.—13. gr., 1. málsg. 16. gr., 18. gr., 20. gr., 26. gr., 27. gr., 30. gr., 4. málsg. 32. gr. og 33. gr. varða sektum til ríkissjóðs, nema þyngri refsing liggji við broti samkvæmt 177. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940.

44. gr.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laganna í heild eða einstakra kafla þeirra.

45. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 40 16. nóv. 1907, um verndun fornmenja, og lög nr. 8 12. febr. 1947, um viðhald fornra mannvirkja og um byggðasöfn.

46. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lagafrumvarp þetta samdi nefnd, sem menntamálaráðherra skipaði til þess að endurskoða lög nr. 40 frá 16. nóv. 1907, um verndun fornmenja, og lög nr. 8 frá 12. febr. 1947, um viðhald fornra mannvirkja og um byggðasöfn, og jafnframt til að semja frumvarp til laga um Þjóðminjasafn Íslands. Í nefndinni voru dr. Kristján Eldjárn þjóðminjavörður (formaður), Hörður Ágústsson listmálari og dr. Þórður Eyjólfsson, fv. hæstaréttardómari.

Nefndin var sammála um, að réttast væri að semja einn lagabálk, sem nefnist þjóðminjalög og fjallaði um þjóðminjar í víðasta skilningi (aðrar en bækur og handrit) og vörzlu þeirra. Miðstöð allrar þjóðminjavörzlu er Þjóðminjasafn Íslands, og hefur svo ætíð verið í raun, þótt lög hafi aldrei verið sett um þá stofnun. Því er fyrsti kafli laganna um Þjóðminjasafnið, en síðan koma sérstakir kaflar um helztu þætti þjóðminjavörzlunnar.

Um I. kafla.

Þjóðminjasafn Íslands er talið formlega stofnað hinn 24. febrúar 1863 og er því senn 106 ára. Á þessum langa tíma hefur komið föst hefð á starfsemi þess, þótt aldrei hafi verið sett um það sérstök lög. Tekið er þó fram í fornminjalögum frá 1907, að fornminjavörður (sem nú nefnist þjóðminjavörður) skuli vera forstöðumaður safnsins, en embætti hans var fyrst og fremst stofnað til þess að framfylgja friðun og tilsjá fornminja samkvæmt lögum. Reyndin hefur hins vegar orðið sú, að aðalstarf þjóðminjavarðar hefur verið að vera safnstjóri, en í annan stað hefur hann svo verið forsvarsmaður fornleifavörzlu, byggðasafna og annars þess, sem um er fjallað í frv. þessu. Með lögum á að koma skýrt fram, að þjóðminjavörður og starfslið hans eru starfsmenn Þjóðminjasafnsins og hafa aðsetur sitt þar, en undir stofnunina heyra svo allar hinar sérstöku greinar. Á þetta er sérstaklega bent vegna þess, að í sumum löndum er friðun húsa og mannvirkja skilin algjörlega frá allri safnvörzlu, en í öðrum eru söfn og þjóðminjavörzla sameinuð undir stjórn eins embættis, og eins og háttar hér á landi þykir rétt að fara að því fordæmi, enda er það staðfesting á þeirri skipan, sem hér hefur komið á í raun.

Ekki hefur þótt ástæða til að hafa lögum um Þjóðminjasafnið sjálft langorð. Kaflinn er hugsaður sem umgerð, sem fyrst og fremst vikur að stjórn stofnunarinnar og meginhlutverki, en auk þess hefur þótt rétt að setja lagaákvæði um gjafir til safnsins og útlán á safngripum, því að reynsla hefur sýnt, að mikill styrkur

getur verið að því fyrir safnstjóra að styðjast við skýr fyrirmæli í slíkum málum. Að öðru leyti virðist skýringa ekki þörf með þessum kafla.

#### Um II. kafla.

Lög um verndun fornmenja nr. 40 16. nóv. 1907 eru fyrstu lög hér á landi um vernd þjóðlegra minja. Frumvarp til laganna var upphaflega sniðið eftir norskum lögum um fornminjar frá árinu 1905, en í meðförum þess á Alþingi var við það aukið ýmsum ákvæðum, eftir því sem henta þótti vegna íslenzkra aðstæðna.

Sum fyrirmæli laganna frá 1907 eru nú úrelt orðin. Í II. kafla frumvarpsins eru tekin upp þau efnisákvæði laganna, sem enn mega teljast í góðu gildi, en þeim sleppt, sem nú skipta ekki lengur máli. Eru sum ákvæði laganna tekin upp óbreytt að efni, önnur með nokkrum efnisbreytingum, en flest breytt að orðfæri. Niðurröðun ákvæða er og með nokkuð öðrum hætti en nú er í lögnum.

Í 15. gr. er tekið upp fyrirmæli úr 1. gr. laga nr. 8 frá 1947 um viðhald fornra mannvirkja og um byggðasöfn, en samsvarandi ákvæði um viðhaldskostnað fornleifa er ekki í lögnum frá 1907. Þá eru fyrirmæli laganna um skaðabætur og refsivíðurlög samræmd og tekin upp í VI. kafla frumvarpsins, sbr. 41. og 43. gr. þess.

Í II. kafla eru fornminjar (í lögnum nefndar fornmenjar) aðgreindar í fornleifar og forngripi með sama hætti og í lögnum. Hins vegar er milliflokki laganna, lausum fornminjum, sbr. 1., 3. og 7. gr. þeirra, sleppt hér, þar sem slík ákvæði skipta ekki máli við framkvæmd laganna.

Um efnisbreytingar að öðru leyti skal þessa getið:

1. Í 12.—16. gr. laganna ræðir um skýrslugerðir, auglýsingar í Lögbirtinga-  
blaði o. fl. í sambandi við fund forngripa. Í framkvæmd laganna hafa þessi ákvæði reynzt algerlega óþörf, og eru þau því ekki tekin upp í frv.

2. Í lögnum eru margþætt fyrirmæli um sameign ríkissjóðs (landssjóðs), landeiganda og finnanda að fundnum forngripum. Við framkvæmd laganna frá upphafi hafa þessar reglur ekki skipt neinu máli. Í 3. málsg. 16. gr. frv. er tekin upp sú regla, sem nú mun vera í lögum flestra þjóða, að fundnir forngripir, sem liggja eða legið hafa í jörðu, séu eign ríkisins. Hins vegar er samkvæmt 17. gr. frv. látin haldast sú regla, sem nú er í 2. málsg. 18. gr. laganna, að þegar forngripir úr gulli eða silfri finnast, skuli landeiganda og finnanda greitt til jafnra skipta sín á milli málmverð hlutanna eftir mati, að viðbættum 10 af hundraði.

3. Í 19. og 20. gr. laganna eru fyrirmæli um, skráningu forngripa, sem eru í eign einstakra manna. Þessi ákvæði hafa aldrei komið til framkvæmda, og þykir ekki ástæða til að láta þau haldast í lögum.

#### Um III. kafla.

Hér ræðir um friðun kirkjugripa, sem varðveittir eru í kirkjum landsins, svo og legsteina og annarra minningarmarka í kirkjugörðum. Skilyrði fyrir friðun er, að munirnir hafi sögulegt eða listrænt gildi að mati þjóðminjavarðar.

Ekki er neinn tiltekinn aldur kirkjugripa eða minningarmarka skilyrði fyrir friðun. Þurfa munirnir því ekki að teljast til forngripa.

Ákvæði kaflans eru nýmæli. Að vísu er gert ráð fyrir í 19. gr. laganna frá 1907, að skráning fornra kirkjugripa kunní að fara fram jafnframt skráningu forngripa í eign einstakra manna, en eins og áður getur, hefur slík skráning ekki farið fram.

Með því að munir, sem friðaðir eru samkvæmt III. kafla, eru ekki í beinum vörzlum Þjóðminjasafnsins, er vernd þeirra falin forráðamönnum kirkna og kirkju-  
garðsstjórnnum, eins og greinir í 2. málsg. 20. gr. frv., en yfirumsjón með friðun er í höndum þjóðminjavarðar, sbr. 2. gr. frv.

#### Um IV. kafla.

Í lögum þeim tvennum, sem nefnd eru hér að framan, er vikið að friðun húsa og mannvirkja, en lauslega og á algjörlega ófullnægjandi hátt. Þessi kaflar frumvarpsins má því heita algjör nýsmíð.



Í öllum menningarlöndum eru nú til fullkomin friðunarlög, sem stefna að því að varðveitt séu til framtíðar hús og mannvirki, sem talin eru hafa sérstakt gildi, menningarsögulegt, listrænt eða sögulegt. Slík lög eru með nokkuð mismunandi hætti í hinum ýmsu löndum, en miða öll að sama marki. Vér Íslendingar erum nokkuð á eftir öðrum þjóðum, að því er tekur til verndunar slíkra þjóðminja. Að visu eru vernduð undir tilsjá Þjóðminjasafnsins allmörg gömul og merkileg hús, einkum kirkjur og torfbæir, og eru þau öll í opinberri eign. Hingað til hefur ekki verið farið inn á þá braut að friðlýsa hús í einkaeign, eins og þó er gert alls staðar annars staðar í nágrannalöndum vorum. Hefur nefndinni þótt hin mesta nauðsyn til bera að koma einnig þeirri skipan á hér.

Það er reynsla víða í löndum, að friðun húsa í einkaeigu er vandasamt mál, sem hæglega getur valdið árekstrum af ýmsu tagi milli eigenda húsanna og friðunarvaldsins. Það er því mikils um vert, að lög um þessi efni séu skýr og ákveðin, en þó um leið hófsamleg. Við samningu þessa kafla hefur nefndin haft hliðsjón af erlendum lögum, sem sum hver hafa verið endurbætt hvað eftir annað, eftir því sem reynsla hefur krafizt, en þó hafa íslenskar aðstæður sífellt verið hafðar í huga fyrst og fremst. Meginhugsun laganna er sú, að ná fram þeirri friðun, sem nauðsynleg er, en þó sé farið fram með þeirri tillitssemi við eigendur sem hægt er, og í annan stað ekki stofnað til fjárútláta hins opinbera, nema eftir því sem teljast verður algjörlega óhjákvæmilegt.

#### Um V. kafla.

Þegar lögin um viðhald fornra mannvirkja og um byggðasöfn voru sett árið 1947, var lítil reynsla komin á starfsemi byggðasafna. Nú er hins vegar nokkur reynsla fengin, og hefur verið stuðzt við hana um samningu þessa kafla.

Eins og eðlilegt er, koma fram hugmyndir um byggðasöfn, sem ekki eru allar jafnraunhæfar. Stefna hins opinbera ætti að vera sú að stuðla að því með afskiptum sínum af þessum málum, að byggðasöfn verði fremur færri og stærri en fleiri og smærri. Ekki eru þó tiltök að lögbinda, hversu stórt landsvæði byggðasafn skuli hafa að baki sér minnst, til þess að verða styrkhæft samkvæmt þessum lögum. En með 36. gr. er það lagt á vald menntamálaráðherra, að fengnum tillögum þjóðminjavarðar, hvort byggðasafn skuli teljast styrkhæft. Með því á að vera tryggt, að ríkisstyrkt byggðasöfn verði ekki óhæfilega mörg, því að þjóðminjavörður mun vafalaust gera það að skilyrði fyrir meðmælum, að safn sé nokkuð stórt.

Áður en byggðasafn er viðurkennt styrkhæft, er nauðsynlegt, að fyrir liggi sem skýrast ýmis grundvallaratriði, sem nefnd eru einnig í 36. gr., til þess að fyrirbyggja ágreining, þegar til framkvæmda kemur.

Það fyrirkomulag, sem um er fjallað í 38. gr., tíðkast nú aðeins á tveimur stöðum, Glaumbæ í Skagafirði og Grenjaðarstað í Þingeyjarsýslu. Sennilega verður þetta þó ekki til frambúðar á hvorugum staðnum. Líklegt er, að alls staðar verði reist sérstök hús yfir byggðasöfnin, en þó þykir rétt að halda þessu ákvæði hinna fyrri laga, því að oft getur farið vel á, að safni sé komið fyrir í gömlu húsi, enda er slíkt gert víða um lönd.

Í 39. gr. er kveðið á um þátttöku hins opinbera í kostnaði við byggingar safnahúsa og rekstur byggðasafna. Hér er gerð breyting frá núgildandi lögum, þannig að nú er gert ráð fyrir, að ríkið styrki byggingu húss handa viðurkenndu safni að  $\frac{1}{3}$  kostnaðar í stað  $\frac{1}{4}$ , sem nú er í lögum. Hins vegar er nú ekki gert ráð fyrir, að ríkið taki annan þátt í rekstri byggðasafna en þann, að það greiði gæzlumannslaun að hálfu, en í gildandi lögum ber því að greiða  $\frac{2}{3}$  hluta rekstrarkostnaðar yfirleitt. Reynslan hefur sýnt, að stofnkostnaður við byggingu safnahúss er erfiður þröskuldur fyrir héruðin, og þykir rétt, að ríkið taki meiri þátt í að komast yfir hann í eitt skipti fyrir öll, en hins vegar er eðlilegt, að aðstandendur byggðasafns hafi það aðhald um daglegan rekstur, sem af því leiðir, að ríkið taki aðeins þátt í launagreiðslu til gæzlumanns, en meira ekki. Gert er hins vegar ráð fyrir, að byggðasafn taki í sinn hlut óskertan aðgangseyri og aðrar tekjur, sem það aflar.

Ekki þykir líklegt, að byggðasöfn, sem stofnuð yrðu og rekin samkvæmt lög-  
unum, geti orðið fleiri en 15—20, enda virðist ekki æskilegt, að byggðasöfn yrðu  
fleiri en það hér á landi, ef þau eiga að verða meira en nafnið tómt. Að minnsta  
kosti 10 byggðasöfn eru það langt á veg komin þegar, að þau hafa verið sýnd að  
meira eða minna leyti um nokkurt árabil. Sum þeirra eru þegar í góðum eða við-  
unandi húsakynnum, en önnur eru miður á vegi stödd. Á undanförnum árum hefur  
verið veitt nokkur fjárhæð á fjárlögum til að styrkja byggingar safnahúsa, og hefur  
þjóðminjavörður skipt fénu niður milli þeirra safna, sem komin hafa verið á svo  
fastan grundvöll með starfsemi sína, að honum hefur virzt þau styrkhæf orðin.  
Eðlilegt er, að framhald verði á þessu, en um fjárútlát ríkisins vegna byggðasafna  
á næstu árum, ef frv. þetta verður lögtekið, er ekkert hægt að segja með nákvæmni.

#### Um VI. kafla.

Hér koma ýmis ákvæði, sem varða lögin í heild, og virðast þau ekki þarfnast  
sérstakra skýringa.